

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Kjartansdóttur frá utanríkisráðuneyti og Eggert Ólafsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015, frá 25. september 2015, um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum), auk sex skyldra reglugerða.

Með reglugerð 1069/2009 eru settar reglur um við hvaða aðstæður skuli farga aukaafurðum úr dýrum til að fyrirbyggja útbreiðslu áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Reglugerðin kemur í stað eldri reglugerðar um sama efni frá 2002 og er ætlað að gera reglur skýrari, eyða óvissu um gildissvið reglugerðarinnar til að tryggja öryggi matvælakeðju, einfalda leyfisveitingar, minnka byrðar á hagsmunaaðila og skilgreina endapunkt framleiðsluferils en sú skilgreining er mikilvæg til að skýrt sé hvort vörur falli undir gildissvið reglugerðarinnar.

Í álit atvinnuvega- og nýsköpunarnefndar um upptöku gerðanna í EES-samninginn, sbr. 2. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála, var lögð áhersla á náð samráð við sláturleyfishafa og aðra hagsmunaaðila í málinu og því beint til hlutaðeigandi ráðuneyta að reynt yrði að finna lausnir til að reglurnar hefðu ekki í för með sér óþarfa kostnað, tafir eða annað óhagræði fyrir innlenda framleiðendur. Í athugasemdum við tillöguna kemur fram að reglugerðirnar voru sendar til hagsmunaaðila til umsagnar og að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi fundað með hagsmunaaðilum um förgun áhættuvefja og lausnir í þeim efnum. Þar kemur jafnframt fram að fyrri reglugerðir um sama efni frá árinu 2002 hafi verið í gildi hér á landi síðan 2010 og hafi falið í sér talsverðan kostnað við framkvæmd og eftirlit en að ekki sé gert ráð fyrir viðbótarkostnaði við upptöku þeirra gerða sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nær til.

Innleiðing reglugerðanna hér á landi kalla á breytingar á lögum nr. 25/1993, um dýra-sjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir, og lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru. Í athugasemdum við tillöguna segir að gert sé ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á framangreindum lögum á yfirstandandi þingi.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt**.

Vilhjálmur Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Össur Skarphéðinsson og Óttarr Proppé voru einnig fjarverandi en rita undir álit þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Alþingi, 19. maí 2016.

Hanna Birna Kristjánsdóttir,
form., frsm.

Karl Garðarsson.

Frosti Sigurjónsson.

Elín Hirst.

Óttarr Proppé.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Steinunn Þóra Árnadóttir.

Össur Skarphéðinsson.